

Fundur hjá Rótarýklúbb Kópavogs, þriðjudaginn 6. nóvember 2019.

Fundurinn var 10. fundur á starfsárinu og fundur nr. 2913 frá upphafi, var í umsjá stjórnar og haldinn í Café Catalina, kl. 17:30. 21 félagar voru mættir sem gerir 75% mætingahlutfall. Georg V. Hammah frá Rótarýklúbb Keflavíkur var gestur á fundinum.

Forseti setti fundinn og fór með ljóð úr ljóðabæklingnum „Sálumessa“ sem gefin var út 2018 eftir Gerði Kristný.

Afmæli frá síðasta fundi átti Ingólfur Antonsson.

Helsta efni fundarins var forval í stjórn RK á næsta starfsári. Ólafur Wernersson, Bolli Magnússon og Bergþór Halldórsson báðust undan því að vera í framboði af ýmsum ástæðum sem fundurinn samþykkti. Niðurstöður kosninga voru eftirfarandi í heyrandi hljóði:

Stallari: Kristinn Dagur 3 atkvæði, Jón Emilsson og Guðmundur Lýðsson 2 atkvæði. Kristinn Dagur er ekki virkur í klúbbum. Hlutkesti var um fjórða félagann með 1 atkvæði. Niðurstaðan var Inga Hersteinsdóttir

Gjaldkeri: Páll Árnason 7 atkvæði, Hafsteinn Skúlason 5 atkvæði og Björgvin 2 atkvæði eftir hlutkesti.

Ritari: Hafsteinn Skúlason og Inga Hersteinsdóttir bæði með 5 atkvæði. Páll Árnason með 3 atkvæði. Jóhann Guðmundsson var fjórði maðurinn eftir hlutkesti.

Varaforseti: Ingólfur Antonsson 8 atkvæði. Bergþór Halldórsson 5 atkvæði. Björgvin Vilhjálmsson 2 atkvæði. Hlutkesti var varpað fyrir fjórða félagann. Niðurstaða Sigurjón Sigurðsson.

Bergþór og Kristinn Dagur verða ekki í framboði til stjórnarstarfa hjá RK á 12. fundi klúbbsins 19. nóvember n.k.

Forseti gaf orðið laust.

Ólafur Wernersson bar upp erindi Rótarýklúbbsins Borgir um samvinnu við skógrækt í landi Kópavogs. Almenn skoðun klúbbsfélaga var að sinna skógrækt eins og verið hefur í áratugi. Sigfinnur Þorleifsson lýsti eftir trúgreinum og stöðum fyrir skólabörn til að tálga eða skera sem hefði afar róandi áhrif á börnin.

Rætt var um framtíðarstefnu um fjölgun félaga í klúbbum. Til máls tóku: Inga Hersteinsdóttir, Kristófer Þorleifsson, Ásgeir Jóhannesson, Werner Rasmusson og Ólafur Wernersson.

Næsti fundur er 12. nóvember í umsjá Klúbbsþjónustunefndar, Kristófer Þorleifsson er formaður.

3ja mínútna erindi flytur Eiríkur Jón Línal.

Fleira var ekki gert, farið var með fjórprófið og forseti sleit fundi kl. 19:00.